

## **Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 24. september 2025:**

Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir skýringum á þrálátum bilunum götulampa í Vogabyggð.

Greinargerð:

Í umfjöllun um gatnalýsingu í borginni á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 12. marz sl. kom fram að víðtækar bilanir á ljósastaurum í borginni mætti að miklu leyti rekja til þess, að ljósabúnaður væri víða orðinn gamall og orðið erfitt að fá ljósaperur í svo gamlan búnað hjá birgjum. Þá væri verulegur hluti götuljósastrengja frá því fyrir árið 1969 og að erfitt væri að finna bilanir í svo gömlum strengjum.

Varla er hægt að skýra þráláta óvirkni á götulýsingu í Vogabyggð með áðurnefndum þáttum. Um er að ræða nýjasta hverfi borgarinnar og ættubæði ljósabúnaður og götustrengir þar að vera glænýir. Sú spurning vaknar því hver sé skýringin á þrálátum bilunum götulampa í þessu nýja hverfi.